

Andreas Macrander, Ingi Gunnar Jóhannsson, Sesselja Traustadóttir
Hjólafærni á Íslandi / Cycling Iceland
Útgefendur Public Transport vefsíðunnar/útgáfunnar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Skrifstofa samgangna
srn@srn.is

Reykjavík 7. mars 2019

Efni: Ferðumst saman - Drög að stefnu í almenningssamgöngum.

Athugasemdir Hjólafærni á Íslandi

Við fögnum drögum að stefnu í almenningssamgöngum. Stefnan er skref í rétta átt við að bættu almenningssamgöngur á landsbyggðinni og byggja heildstætt kerfi sem verður samkeppnishæfur og umhverfisvænn ferðavalkost fyrir bæði íbúa og ferðamenn á öllu landinu.

Það eru nokkur atriði sem við viljum koma fram, bæði frá okkar eigin reynslu sem notenda almenningssvagna á lengri ferðum milli landshluta og með reiðhjól, og frá okkur reynslu í upplýsingamiðlun með Public Transport leiðakort.

1) Tryggja aðgengi um allt land með almenningssamgöngum.

- Tryggja þarf aðgengi um allt land, einnig að minni og brotthættum byggðum og að helstu ferðamannastöðum, m.a. hringtenging milli Egilsstaða og Hafnar, Norðausturland að Ásbyrgi og Þórshöfn, og að Vestfirði.
- Byggja heildstætt kerfi að landsvísu, með reglulegum ferðum, skipulögðum tengingum og minni biðtíma milli leiða (t.d. milli Strætó og SVAust), og milli áætlunarleiða og ferja (t.d. milli Strætó og Norrænu, Baldurs o.fl).
- Á fáförnum leiðum þarf að athuga nýjar lausnir. Ein þeirra getur verið samnýting vagna fyrir flutning pakka og farms eins og algengt er í Svíþjóð og Finnlandi. Vöruflutningur bætur hagnaður þó fjöldi farþega sé lítil.

2) Tryggja flutning á reiðhjólum með almenningssamgöngum um allt land

Að geta ferðast með reiðhjól eflir ferðamöguleika með almenningssamgöngum til muna. Hjólandi ferðamenn eru meðal traustustu viðskiptahópa almenningssamgangna.

Nota skal vagna með nóg pláss fyrir farangur og skulu allir vagnar geta tekið hjól á hjólagrind eða í lest. Helstar leiðir Strætó taka hjól, en bæta þarf á minni leiðum, við SVAust o.fl.

3) Tryggja örugga miðlun á upplýsingum um almenningssamgöngur eins og gert hefur verið með útgáfuna á

Public transport/Almenningssamgangnakortinu - sjá www.publictransport.is

Almenningssamgöngur verða að vera sýnilegar og einfaldar í notkun. Aðgengilegar upplýsingar um alla leiðir kerfisins skipta miklu máli, ekki síst fyrir erlendir ferðamenn.

Í þessu samhengi viljum við benda á eftirfarandi verkefni sem styrkt eru frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar:

Public Transport leiðakort sýnir allar áætlunarleiðir, ferja og flugleiða allra ca. 30 rekstraraðila á Íslandi, www.publictransport.is

Cycling Iceland / Íslenska Hjólakortið veitir yfirgripsmiklar upplýsingar fyrir ferðamenn sem ferðast um landið hjólandi, gangandi og með almenningssamgöngum, www.cyclingiceland.is

Samflutningur farþega og farms – bættar almenningssamgöngur á landsbyggðinni er nýtt rannsóknarverkefni höfundar sem mun lýsa fyrirmyndalausnir í samflutningu og tenging leiða á Norðurlöndum.

Höfundar umsagnarinnar munu gjarnan aðstoða í að efla almenningssamgöngur á landsbyggðinni.

Virðingafyllst,
Andreas Macrander, Ingi Gunnar Jóhannsson, Sesselja Traustadóttir
Hjólafærni á Íslandi